

21. nóvember 2023


Minnisblað: Beint alþjóðlegt flug til Norðurlands

Árstíðasveiflan

Á Norðurlandi er mikil árstíðasveifla og eru gistinætur á svæðinu aðeins um 7% af heildar gistináttum landsins á ári hverju. Til samanburðar má nefna að á Suðurlandi eru 20% gistinátta og á höfuðborgarsvæðinu 59%. Á sama tíma sýna kannanir mikla ánægju með Norðurland en 97% ferðafólks er ánægt með svæðið. Um 70% ferðafólks telur líklegt að þau heimsæki landið aftur og vilja þá 30% heimsækja Norðurland.

Ljóst er að vetrarferðaþjónusta mun ávallt eiga undir högg að sækja á Norðurlandi nema ef kemur til beint flug þar sem samgönguleiðir eru ótryggar og að mati margra ferðaskrifstofa óöruggar yfir vetrartímam. Nýting hótela fyrir vetrarmánuðina nóvember, desember, janúar og febrúar fer undir 15% á Norðurlandi. Ásættanleg hlutdeild af heildarfjölda gistinátta útlendinga á landinu næst aðeins í fimm mánuði á ári þ.e. frá maí til september þegar hlutdeildin er 8-10% á Norðurlandi en fer niður í 1% ferðamanna í desember og janúar.

Mynd: Gistinætur á hótelum 2022



Heimild: Hagstofa Íslands

Tekjur af flugi

Við útreikninga á aukningu landsframléiðslu er miðað við að hver gistinótt ferðamanns sem kæmi með beinu flugi til Akureyrar auki landsframléiðsluna um 22.400 kr án flugs. Gert er ráð fyrir að hver ferðamaður dvelji 6 nætur og miðað við sviðsmynd 3 um fjölda fluga. (skv

“Greinargerð um utanlandsflug til Akureyrar nóvember 2019”, Jón Þorvaldur Heiðarsson hagfræðingur).

Þannig má ætla að áhrif beins millilandaflugs um Akureyrarflugvöll árið 2024 verði:

- Aukning landsframleiðslu um 1.352 mkr.
- Óbeinar skatttekjur ríkisins 361 mkr.
- Óbeinar skatttekjur sveitarfélaga 138 mkr.
- Auknar tekjur ferðaþjónustufyrirtækja 820 mkr.

Þróun flugs um Akureyrarflugvöll

Stöðug aukning hefur verið í flugi um Akureyrarflugvöll, með ferðaskrifstofum og síðar með áætlunarflugi, frá því breska ferðaskrifstofan SuperBreak fór af stað 2018 með leiguflygsseríur. Flugþróunarsjóður var settur í fullan gang árið 2017 og hefur gengt lykilhlutverki varðandi samkeppnishæfni Akureyrarflugvallar. Nýr ILS aðflugsbúnaður fyrir aðflug úr norðri var tekinn í notkun á Akureyrarflugvelli árið 2020 og hefur skipt sköpum varðandi flugöryggi auk þess sem önnur uppbygging á flugvöllinum tryggir að hægt sé að veita nauðsynlega þjónustu.

Ár	Rekstraraðili	Markaður	Brottfarir	Tímabil	Fjöldi sæta
2018	SuperBreak	Bretland	14	Vetur	180
2019	SuperBreak	Bretland	29	Vetur	180
	Voigt Travel	Holland	16	Sumar	149
2020	Voigt Travel	Holland	10	Vetur	149
2021			--COVID--		
2022	Voigt Travel	Holland	10+14	Vetur+sumar	149
	Niceair	Danmörk	24+57	Vetur+sumar	150
2023	Edelweiss	Sviss	7	Sumar	174
	Voigt Travel	Holland	10+14	Vetur+sumar	189
	easyJet	Bretland	18	Vetur	156
2024	Voigt Travel	Holland	12+14	Vetur+sumar	189/150
	Kontigi	Sviss	6	Vetur	174
	easyJet	Bretland	26	Vetur	156
	Edelweiss	Sviss	11	Sumar	174

Einnig hefur Icelandair sett upp tengiflug um Keflavíkflugvöll árin 2017-19 og aftur nú veturinn 2023 í 5 vikur til prufu.

Fjöldi gistinguþátta fyrstu 3 mánuði 2024 m.v. að sætaframboð verði um 11.500 sæti gæti orðið 69.000 gistinguþátur. Til samanburðar voru gistinguþátur á Norðurlandi á sama tímabili 2023 tæplega 25.000 og allt árið áætlaðar um 250.000.

Áætluð árleg erlend markaðssetning hvers félags á Norðurlandi er á bilinu 50-100 mkr.

Ávinningur af beinu flugi yfir vetrartímenn sýnir sig strax á svæðinu. Fyrirtæki hafa tækifæri til að lengja opnunartíma, fjárfestingar verða vænlegar með bættri nýtingu og lífsgæði íbúa aukast bæði með auknu framboði á þjónustu á svæðinu og aðgengi að beinu flugi. Ávinningur annarra atvinnugreina er mikill vegna aðgengis að flugi beint út í heim auk þess sem hér er ekki farið yfir gögn er varða umfang starfsemi og uppbyggingu á Akureyrarflugvelli.

Mikil tækifæri eru enn til staðar í uppbyggingu á flugi um Akureyrarflugvöll. Koma easyJet ryður brautina fyrir fleiri flugfélög sem þegar hafa sýnt áhuga og nægt pláss er í gistingu yfir vetrartímenn. Fjöldi hótélherbergja á Norðurlandi er tæplega 1300 og er aukin fjárfesting í kortunum. Nefna má að nú stefnir í að Akureyrarflugvöllur verði kominn með aðstöðu og leyfi til flugs frá Bandaríkjunum. Markmiðum um beint flug frá Bretlandi tvisvar í viku yfir vetrartímenn hefur verið náð og nú er tímabært að skoða næstu verkefni, vöxt og áherslur þegar þessi fyrstu skref hafa verið tekin.

Það er nokkuð ljóst að árstíðarsveiflu á Norðurlandi verður ekki breytt án beins flugs. Með því að ná henni niður verður mögulegt að byggja upp ferðaþjónustu sem heilsárs atvinnugrein á Íslandi. Þannig má byggja upp öflugri rekstur og aukna verðmætasköpun, tækifæri til nýsköpunar, fjölga störfum og atvinnutækifærum í heimabyggð auk þess að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu á landinu öllu með dreifingu álags.

Næstu skref til að tryggja áframhald á flugi um Akureyrarflugvöll eru:

1. Tryggja fjármagn í Flugþróunarsjóð
2. Setja af stað starfshóp sem vinnur að beinu flugi um Akureyrarflugvöll til framtíðar með áherslu á sértækt markaðsstarf, innviði og vöruþróun.
3. Tryggja áframhaldandi samstarf ferðaþjónustu, sveitarfélaga og stjórnvalda um aðgerðir til að auka uppbyggingu á alþjóðlegu flugi um Akureyrarflugvöll